**Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra 11. mars 2022 kl. 10:00-12:00 á Borgum, Akureyri, fundarherbergi 4. hæð.**

Viðstaddir: Guðmundur Ögmundsson, Unnsteinn Ingason, Haraldur Þór Egilsson, Sigurður Guðni Böðvarsson, Anita Elefsen, Halldóra Gunnarsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

**1. Helstu fréttir frá minjasvæðinu.**

Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður, kynnti stuttlega hvernig starfsemi Minjastofnunar á svæðinu hefur verið undanfarið, flutning stofnunarinnar i nýtt ráðuneyti og hvaða rannsóknir verða í gangi í sumar.

**2. Skilti á minjastöðum**

Minjastofnun kallar eftir hugmyndum af svæðinu þar sem gott væri að setja upp skilti á minjastöðum.

**3. Vatnajökulsþjóðgarður**

Guðmundur Ögmundsson kynnti starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs

**4. B.16. Nýting menningarminja á byggðaáætlun – staða verkefna**

Minjavörður kynnti stöðu verkefnisins, fór yfir hvaða verkefnum væri lokið og hvað gert verður sumarið 2022, ásamt því að kynna sérstaklega niðurstöður skráningarferðar starfsmanna Minjastofnunar sem unnu að skráningu Hólsstígs á Melrakkasléttu fyrir Ferðafélagið Norðurslóð

**5. Hugmyndir að verkefnum fyrir minjaráðið.**

Minjavörður óskaði eftir hugmyndum frá minjaráðsfulltrúum til að vinna að, en minjaráðið á aðeins eitt ár eftir af skipunartíma sínum.

**6. Önnur mál**

Umræða um ýmis mál, sérstaklega um samstarf Minjastofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs og vill minjaráðið hvetja þessar stofnanir til að auka samstarf sín á milli.

Fundi slitið 11:40

Fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir